



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

HLÍÐARAMALL

FALLEGUR OG BRAGÐGÓÐUR



INNGANGUR

Hlíðaramall (*Amelanchier alnifolia*) er runni af rósaætt. Hunangsviður er eldra heiti sem enn er notað. Um tuttugu tegundir eru taldar tilheyrja amalsættkvísl. Heimkynni hlíðaramals eru í vestanverðri N-Ameríku, aðallega í Kanada en einnig í Alaska og í norð-vestur og miðríkjum Bandaríkjanna. Hlíðaramall er lang algengasta tegund ættkvíslarinnar héraendis. Amall beygist eins og humall og þekkist sem karlmannsheiti hér áður fyrr.

Hlíðaramall mun vera kenndur við Fljóts-hlíðina en gamall hlíðaramall í Múlakoti, trúlega ættaður frá Juneau í Alaska, er ættmóðir margra amla hérlendis. Hlíðaramall sem Óli Valur Hansson ræktaði upp af fræi sem hann kom með frá Skagway í Alaska hefur einnig breiðst út enda reynst vel. Innflutt yrki hlíðaramals eru ennþá á tilraunstigi.



EINKENNI

Hlíðaramall er venjulega 1,5 – 3 m á hæð fullvaxinn en getur orðið hærri. Breiddin er gjarnan svipuð og hæðin eða minni. Hlíðaramall er frekar seinvaxinn. Gamlar greinar eru grisjaðar burt þegar runnarnir fara að eldast.

Greinar hlíðaramals eru fínlegar og eru árssprotarnir aðeins hærðir í fyrstu. Blöðin eru sporðskjulaga (nær kringlótt), dökkgræn og tennt ofan við miðju. Blómin eru hvít, ilmandi nokkur saman í klasa snemmsumars. Aldinið er blásvart, safaríkt berepli með vaxhúð sem þroskast í ágúst – september og líkist bláberjum hvað varðar stærð og lit. Haustlitur er gulur eða gulrauður. Hlíðaramall byrjar venjulega að blómgast aðeins nokkurra ára gamall. Ungar og fremur litlar plöntur geta verið hlaðnar berjum á haustin.

RÆKTUNARSKILYRÐI

Hlíðaramall er frekar nægjusamur. Hann þrífst best á sólríkum stað í frjóum, vel framræstum og gjarnan nokkuð sendnum jarðvegi. Stundum ber á rótarskotum. Hlíðaramli er venjulega fjölgað með sáningu eða sumargræðingum.



RÆKTUÐ BER

Ber hlíðaramals þykja almennt bragðgóð og má nýta þau í sultur, bökur o.s.frv. Einnig má þurrka þau og gera úr þeim rúsínur. Rannsóknir hafa sýnt fram á að berin eru sérlega holl og eru mikið ræktuð, sérstaklega í Kanada. Runnarnir eru þá ræktaðir á ökrum í atvinnuskyni og berin uppskorin með vélum.

Fuglar eru sérlega sólg्नir í ber amals. Berin hverfa um leið og þau þroskast þar sem mikið er af fuglum og lítið af köttum. Því þarf að breiða net yfir runnana síðsumars ef nýta á uppskeruna. Hlíðaramall er af þessum sökum ómissandi í fuglagarðinn.



Hlíðaramal má gróðursetja í þyrpingar og raðir, til dæmis óklipt limgerði. Hann fer vel innan um aðra runna og jurtir.

Hlíðaramall er fallegur garðrunni sem hentar ekki síður í sumarhúsaloðir og skógarjaðra en heimilisgarða. Snjóhvít blómin vekja athygli í maí – júní. Rauðgulir haustlitirnir fanga svo augað þegar sumri hallar. Berin eru ekki síður falleg. Fyrst græn, svo fjólu-bleik og loks svarblá. Allt í sama klasanum. Þar sem berin þroskast ekki samtímis þarf að tína þau yfir nokkura daga tímabil.

Holl og bragðgóð berin gera hlíðaramal tvímælalaust einn af okkar bestu berjarunnum en berin innihalda mikið af andoxunarefnum þannig að sumir vilja setja þau í flokk ofurfæðu.

AMALSULTA

- 4 bollar (1 l) ber hlíðaramals
- 3 bollar (750 ml) sykur
- ¼ bolli (50 ml) vatn
- Safi og rifinn börkur af ½ sítrónu

Leiðbeiningar:

1. Merjið berin í potti. Hitið varlega þangað til safinn fer að flæða.
2. Bætið sykri og vatni út í og látið sjóða. Hrærið stanslaust.
3. Bætið sítrónusafa og berki út í. Sjóðið. Hrærið þangað til sultan hefur þykknað.
4. Setjið í heitar, sóttreinsaður krukur.
5. Lokið og látið standa í sjóðandi vatnsbaði í 10 mínútur.



SUDURLANDSSKÓGAR



Karl Eiríksson

*Höfundur: Steinar Björgvinsson. Teikningar: Helgi Þórsson.
Prentsmiðjan Oddi. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is*